

Tillaga að ályktun um forgangsörðun samgönguverkefna á Vestfjörðum

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal 16. og 17. september 2025, ályktar um forgangsörðun samgönguverkefna á Vestfjörðum.

Framtíðarsýn Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 byggir á að til staðar séu öflugir innviðir á Vestfjörðum og að þungi framkvæmda verði í upphafi tímabils áætlunarinnar.

Jarðgöng

Krafa vestfirskra sveitarfélaga í vegasamgöngum er að byggja upp láglendisvegi með jarðgöngum innan atvinnusvæða á Vestfjörðum með eflingu samfélaga og öryggi vegfarenda sem meginforsendu. Í annan stað að tryggja láglendisvegi sem á sömu forsendum tryggja tengingu atvinnusvæða innan Vestfjarða og tengingu þeirra við aðra hluta landsins.

Af tíu jarðgangaverkefnum sem hafa verið tilgreind í áætlunum stjórnvalda um forgangsörðun jarðgangverkefna á Íslandi til næstu 30 ára, eru fimm á Vestfjörðum. Í landfræðlegri röð eru þau þessi, Klettháls, Suðurfjarðargöng (Miklidalur og Hálfán sem ein framkvæmd), breikkun Breiðadalsleggjar og Álfafjarðargöng.

Nánari greining á forgangsörðun þessara verkefna leiðir fram að frumathuganir sem verkefnin byggja á, uppfylla ekki meginforsendur um bætt öryggi og eflingu samfélaga. Það er því eindregin krafa að stjórnvöld leggi nú þegar fram nauðsynlegt fjármagn til að hefja nánari rannsókna og útfærslu jarðgangaverkefna á Vestfjörðum. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði hraðað og niðurstöðum skilað til fyrirhugaðs Innviðafélags ríkisins sem stjórnvöld stefna að á árinu 2027.

Vetrarþjónusta

Um leið og krafa er sett fram um láglendisveg innan og milli atvinnusvæða og þá er ljóst að gerð jarðgangna mun taka tíma, mælt í áratugum. Öflug vetrarþjónusta um fjallvegi og ofanflóðahlíðar á Vestfjörðum er því eðlileg krafa til að auka öryggi og efla samfélög. Vísa má hér til rannsókna á viðhorfum íbúa til aksturs um fjallvegi að vetrartíma sýna að stór hluti þeirra vegrar sig til vinnusóknar og menningarþátttöku á milli byggðarlaga.

Greining á forsendum reglna Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu og vinnureglna stofnunarinnar s.m.b. auglýsingu ráðherra samgöngumála nr 44/2018, leiða fram að vetrarþjónusta á Vestfjörðum stendst ekki samanburð við aðra landshluta og takmarkar öryggi og uppbyggingu samfélaga. Þess er krafist að reglurnar verði endurskoðaðar sérstaklega út frá aðstæðum á Vestfjörðum og samhliða verði aukið fjármagn til vetrarþjónstu.

Nýframkvæmdir og viðhald stofn og tengivega.

Staða nýframkvæmda vega á Vestfjörðum hefur tekið stór skref til batnaðar á undanförunum árum og þess vænst að framkvæmdum sem eru hafnar og eða eru í útboðsferli verði lokið eigi síðar en 2027. Greining á forgangsörðun vegaframkvæmda til að auka öryggi og eflingu samfélaga leiða

hinsvegar fram að eftir standa mikilvæg verkefni á stofn og tengivegum með malarstilagi. Gerð er krafa um að þau verkefni sem hafa þegar verði undirbúin s.s. með umhverfismati verði sett í framkvæmd og hafin verði undirbúningur að öðrum verkefnum.

Á sama tíma hefur ástand stofn og tengivega með bundnu slitlagi versnað til muna vegna viðhaldsleysis. Afskriftartíma veganna er einnig víða komin fram yfir viðmið þar með talið fjallvegi sem jarðgöng koma til með að leysa af hólmi. Krafan er að stjórnvöld og hefji nú þegar endurnýjun og viðhald stofn og tengivega og láti framtíðaráform um gerð jarðgangna ekki raska eðlilegu viðhaldi og endurnýjun þeirra

Flutningsmaður: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, innviðanefnd fyrir hönd stjórnar FV